FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/918
*komudagur* 3.2.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

30. janúar 2004

*Tilvísun: 2003110038*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 22. mál, verðtryggð útlán.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 12. nóvember sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 22. mál, verðtryggð útlán.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki aðrar athugasemdir við efnisatriði þess en að vísa til skýrslu Seðlabanka Íslands sem birtist í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabanka Íslands, 15. rit, maí 2003. Í skýrslu þessari, sem tekin var saman í framhaldi af beiðni viðskiptaráðuneytisins um að Seðlabanki Íslands skoðaði kosti þess að festa vexti verðtryggða innstæðna og lána, er niðurstaðan sú að ekki sé ástæða til að beita heimildarákvæði laga um að fyrirskipa að vextir verðtryggðra skuldbindinga séu ætíð fastir.

Að öðru leyti tekur Fjármálaeftirlitið ekki afstöðu til efnisatriða frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Páll Gunnar Pálsson* *Hannes J. Hafstein*

Suðurlandsbraut 32 108 Reykjavík • Sími 525 2700 • Bréfsími 525 2727 • e-mail: fme@fme.is